

## Athugasemd við tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Ásbraut

**Til** : Berglind Guðmundsdóttir  
**Frá** : Björn Pétursson  
**Heiti** : Athugasemd við tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Ásbraut  
**Málsnúmer** : 1211376  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 25.04.2017 11:29:28  
**Höfundur** : Björn Pétursson

Viðhengi [image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Fyrir hönd Byggðasafns Hafnarfjarðar geri ég athugasemd við tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Ásvallabraut. Snýr athugasemdin að fornleifum á skipulagssvæðinu en samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja fornleifar úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Unnin var fornleifaskráning fyrir framkvæmdasvæðið en ekki hefur verið tekið tillit til hennar við gerð deiliskipulagstillögunnar og ranglega sagt í greinargerð með henni að engar fornleifar séu á skipulagssvæðinu. Á svæðinu eru tvær fornleifar, garður (nr. 170-4) og fjárskýli (nr. 170-5) sem taka verður tillit til. Auk þessa eru yngri minjar á skipulagssvæðinu sem ekki njóta verndar en rétt er að merktar verði inn á uppdráttinn.

Virðinarfyllst,

**Björn Pétursson**  
Bæjarminjavörður Hafnarfjarðar  
[bp@hafnarfjordur.is](mailto:bp@hafnarfjordur.is)

Byggðasafn Hafnarfjarðar | Vesturgata 8 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5780 | [Museum@hafnarfjordur.is](mailto:Museum@hafnarfjordur.is) |



[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)